



Borgarráð

## Samþykkt velferðarráðs um breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

Á fundi velferðarráðs þann 5. febrúar 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Lagt er til að samþykkt verði hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirktt frá 1. janúar 2025, sem hér segir:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.935.476	7.419.345	494.623	618.279
2	7.894.184	9.867.730	657.849	822.311
3	9.199.988	11.499.985	766.666	958.332
4	9.971.600	12.464.500	830.967	1.038.708
5	10.802.567	13.503.209	900.214	1.125.267
6+	11.633.533	14.541.916	969.461	1.211.826

Jafnframt er lagt til að samþykkt verði að eignamörk samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði hækkuð úr 7.745.000 kr. í 8.079.000 kr. og gildi afturvirktt frá 1. janúar 2025.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytinganna í b-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, lögð fram á fundi velferðarráðs 5. febrúar 2025.





## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Efni tillögu: Breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning**

Lagt er til að samþykkt verði hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirkir frá 1. janúar 2025, sem hér segir:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.935.476	7.419.345	494.623	618.279
2	7.894.184	9.867.730	657.849	822.311
3	9.199.988	11.499.985	766.666	958.332
4	9.971.600	12.464.500	830.967	1.038.708
5	10.802.567	13.503.209	900.214	1.125.267
6+	11.633.533	14.541.916	969.461	1.211.826

Jafnframt er lagt til að samþykkt verði að eignamörk samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði hækkuð úr 7.745.000 kr. í 8.079.000 kr. og gildi afturvirkir frá 1. janúar 2025.

### **Greinargerð:**

#### **Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings**

Þann 1. janúar 2025 tók gildi breyting á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 4,3%.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæðir tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 4,3% og breytingin taki gildi þann 1. janúar 2025 til samræmis við breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur.

Núgildandi tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. er svohljóðandi:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.568.727	9.460.909	630.727	788.409
3	8.820.697	11.025.871	735.058	918.823
4	9.560.497	11.950.621	796.709	995.885
5	10.357.206	12.946.508	863.101	1.078.876
6 eða fleiri	11.153.914	13.942.393	929.493	1.161.866



Lagt er til að tafla varðandi tekjumörk 5. gr. verði svohljóðandi:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.935.476	7.419.345	494.623	618.279
2	7.894.184	9.867.730	657.849	822.311
3	9.199.988	11.499.985	766.666	958.332
4	9.971.600	12.464.500	830.967	1.038.708
5	10.802.567	13.503.209	900.214	1.125.267
6 eða fleiri	11.633.533	14.541.916	969.461	1.211.826

### **Hækkun eignamarka sérstaks húsnæðisstuðnings**

Þegar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning voru upphaflega samþykktar var gert ráð fyrir að eignamörk væru þau sömu og þau mörk sem sett eru fyrir leigjendur Félagsbústaða enda er stór hluti þeirra sem fá sérstakan húsnæðisstuðning að leigja hjá Félagsbústöðum. Lagt er til að eignamörk hækki til samræmis við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Eignamörkin miða við reglugerð nr.1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, en þann 1. janúar 2025 voru eignamörk samkvæmt reglugerðinni hækkuð úr 7.745.000 kr. í 8.079.000 kr.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks séu ekki hærri en 8.079.000 kr. Lagt er til að breytingin taki gildi frá 1. janúar 2025.

Núgildandi 6. tl. 1. mgr. 3. gr. er svohljóðandi:

*Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 7.745.000 kr.*

Lagt er til að 6. tl. 1. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi:

*Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 8.079.000 kr.*

Heildaráætlun ársins 2025 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.750 m. kr. og gert er ráð fyrir að hækkunin rúmist innan fjárheimilda velferðarsviðs.